

Samningur um dreifingu Sjónvarps Símans
yfir aðgangskerfi þriðja aðila á aðgangsneti

Mílu

Útgáfa 2.5

1. mars 2015

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

Efnisyfirlit

1	Um samninginn.....	4
1.1	Aðilar	4
1.2	Markmið	4
1.3	Gildistaka og uppsögn	4
1.4	Breytingar á samningi.....	4
1.5	Viðaukar	5
1.6	Skilgreiningar	5
2	Þjónusta sem fólgir er í samningnum	6
2.1	Þjónusta samningsins	6
2.2	Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig	6
2.3	Tilkynningar vegna bilana	7
2.4	Misnotkun	7
2.5	Áætlanir.....	7
2.6	Viðurlög og frávik frá áætlunum.....	7
2.7	Tæknilegir skilmálar og hæfi.....	7
2.8	Takmörkun sjónvarpsþjónustu	8
3	Verðlagning.....	8
3.1	Verðmyndun.....	8
3.2	Verð og breytingar á verðskrá	8
3.2.1	Verðskrá	8
3.2.2	Gjaldmiðill	8
3.2.3	Verðbreytingar	8
3.3	Verðlagning til viðskiptavina	8
4	Uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur	8
4.1	Grundvöllur uppgjörs.....	8
4.1.1	Uppgjörstímabil	8
4.1.2	Gjaldfærsla þjónustu	9
4.2	Uppgjör milli aðila - útskrift reikninga og greiðslur	9
4.2.1	Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna sjónvarpsþjónustu	9
4.2.2	Gjaldfrestur.....	9
4.2.3	Greiðsluábyrgð	9
5	Vanefndir	9
5.1	Vanefndarúrræði	9
5.1.1	Riftun vegna verulegrar vanefndar	9
5.1.2	Skaðabætur	10
5.1.3	Dráttarvextir	10
5.1.4	Vanefndir sem teljast verulegar ef ekki eru gerðar úrbætur þrátt fyrir áskorun samningsaðila.	10
5.1.5	Úrræði til verndar endanotendum vegna riftunar.....	10
6	Takmörkun ábyrgðar	11
7	Óviðráðanleg atvik	11
8	Upplýsingaskylda og hugverkaréttarákvæði	11
8.1	Upplýsingarskylda	11
8.2	Höfundarréttarákvæði.....	11
8.2.1	Almennt ákvæði.....	11
8.2.2	Sérstakt ákvæði	11
8.3	Vörumerkjaréttarákvæði	11
9	Þagnarskylda	12
10	Greiðslutrygging	12
11	Framsál réttinda og skyldna til þriðja aðila	12
12	Breytingar á samningnum	12
13	Fulltrúar aðila	13

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

14	Lögsaga og lausn ágreiningsmála	13
	Viðauki 1	14
	Verðskrá fyrir sjónvarpsþjónustu Símans heildsölu	14
1	Sjónvarpsþjónusta í heildsölu	14
1.1	Virðisaukaskattur	14
1.2	Heildsöluverðskrá	14
1.3	Verðskrá	14
1.3.1	Mánaðagjöld	14
1.3.2	Verð á búnaði	14
1.3.3	Árgjald	15
2	Aðrir gjaldaliðir	15
2.1	Búnaðarkaup	15
2.2	Skilpunktur	15
	Viðauki 2	16
	Tækniskilmálar	16
1	Inngangur	16
2	Aðgangur	16
3	Notendabúnaður og tengingar	16
3.1	Myndlyklar	16
3.2	Tenging	17
3.3	Skil á myndlyklum	17
3.4	Sjónvarpskerfið	17
3.5	Sjónvarpsviðmót	17
4	Fyrirvari um sjónvarpsþjónustu	18
5	Ábyrgð viðsemjanda og viðurlög	18
	Viðauki 3	19
	Þjónustustig Símans heildsölu	19
1	Inngangur	19
2	Heildsölusjónvarp	19
3	Afhending á þjónustu	19
4	Þjónustuskil (SOAP API)	19
4.1	Pantanir og skráning	20
4.2	Þjónusta	20
5	Búnaður	21
6	Bilanir	21
7	Tilkynningar	22
	Viðauki 4	23
	Efnisréttarlegar skyldur	23

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

1 Um samninginn

1.1 Aðilar

Síminn hf. kt. 460207-0880, Ármúla 25, 150 Reykjavík, eða Síminn eftir því hvort vísað er til heildsölu Símans eða fyrirtækisins í heild, og [fjarskiptafyrirtæki], [kt.], [heimili], hér eftir nefndur viðsemjandi, gera með sér svofelldan samning, um heildsöluaðgang viðsemjanda að sjónvarpsþjónustu Símans heildsölu (IPTV) í skilgreindum skilpunktum.

1.2 Markmið

Meginmarkmiðið með samningnum er að gera viðsemjanda kleift að selja sjónvarpsþjónustu Símans heildsölu til viðskiptavina sinna yfir eigið aðgangskerfi á aðgangsneti Mílu. Viðsemjandi skal hafa aflað samþykkis frá viðkomandi efnisveitendum um flutning á sjónvarpsmerkjum um eigið kerfi áður en þjónusta hefst samkvæmt samningi þessum og skal það tilkynnt Símanum að slíkt samþykki liggur fyrir.

1.3 Gildistaka og uppsögn

Samningurinn er ótímabundinn og tekur gildi við undirskrift aðila.

Hvor aðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegum hætti með 3 mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót.

1.4 Breytingar á samningi

Eðli sjónvarpsþjónustu Símans heildsölu sem um er fjallað í samningi þessum er með þeim hætti að gera verður ráð fyrir að jafnt og þétt verði að gera breytingar á honum, enda miðar Síminn heildsala við að sjónvarpsþjónustan jafnist á við það besta sem þekkist hverju sinni. Oftast er þá um að ræða breytingar sem rekja má til tæknilegra ástæðna eða tækniframfara, svo sem vegna uppfærslu eða endurnýjunar vélbúnaðar, hugbúnaðar eða endabúnaðar. Einnig getur verið um annars konar breytingar á samningi að ræða.

Samið skal um ef gera þarf kostnaðarsamar breytingar á samningi þessum og viðaukum hans. Við breytingar á samningi ber hvor samningsaðila þann kostnað sem á hann fellur vegna breytinganna.

Tilkynna skal um breytingar á samningi með minnst 60 daga fyrirvara.

Breytingar sem fela í sér nýja gjaldaliði fyrir viðsemjanda skal tilkynna með minnst 60 daga fyrirvara.

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

1.5 Viðaukar

Eftirtaldir viðaukar teljast hluti af þessum samningi.

- Viðauki 1, Verðskrá Símans heildsölu
- Viðauki 2, Tækniskilmálar
- Viðauki 3, Þjónustustig Símans heildsölu
- Viðauki 4, Efnisréttarlegar skyldur

Viðaukar eru uppfærðir eins og texti samningsins segir til um.

Ef misræmi er á milli þessa samnings og viðauka, gilda ákvæði þessa samnings.

1.6 Skilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar eru notaðar í samningi þessum og viðaukum eftir því sem við á:

- **Aðgangskerfi:** Með aðgangskerfi er átt við virkan búnað eins og xDSL eða GPON.
- **Aðgangsnet:** Með aðgangsneti er átt við óvirkan (passive) hluta fjarskiptanets s.s. tengivirki, koparstrengi og ljósleiðara.
- **Beinir:** Beinir er búnaður sem tengir heimanet við aðgangskerfi.
- **Fjarskiptafyrirtæki:** Einstaklingur eða lögaðili sem hefur almenna heimild til fjarskiptareksturs og fjarskiptaþjónustu frá Póst- og fjarskiptastofnun og fyrirhugar að starfa sem slíkur.
- **Fjarskiptanet:** Sendikerfi og þar sem það á við skiptistöðvar, beinar og önnur úrræði sem gera mögulegt að miðla boðum eftir þræði, þráðlaust, með ljósbylgjum, rafdreifikerfi, háspennulínunum eða með öðrum rafsegulaðferðum, þ.m.t. net fyrir hljóð- og sjónvarp og kapalsjónvarp.
- **Heildsölusjónvarp:** Heildsölusjónvarp samanstendur af heildstæðri þjónustu sem innifelur eftirfarandi þjónustubætti: Myndlykil sem viðsemjandi getur opnað á grunnáskrift (opnar íslenskar rásir, aðgangur að VoD þar sem hún er í boði) og aðgang að virkjun viðskiptavinar í sjónvarpskerfum Símans heildsölu.
- **Lokað net:** Sjónvarpsþjónustunni er úthlutað lokað net á IP/MPLS kerfi Símans heildsölu. Þessu neti tengjast allir myndlyklar sem tilheyra þjónustu Símans heildsölu. Yfir þetta lokaða net fer öll sjónvarpsumferð, viðmót og aðgangsstýringar á milli myndlykils og miðlægra sjónvarpskerfa fyrir sjónvarpsþjónustu.
- **Myndlykill:** Búnaður fyrir sjónvarpsþjónustu, keyrir sjónvarpsviðmót og tekur á mótí sjónvarpsmerki og afruglar það.

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

- **Sjónvarpsþjónusta:** Sjónvarpsþjónusta er rekin yfir lokað net frá myndlyklum viðskiptavina til miðlægs sjónvarpskerfis. Yfir þetta lokaða net er sent sjónvarpsefni, stýringar og viðmót fyrir myndlykla. Hægt er að fá hana afhenta í skilpunkti og flytja yfir annað aðgangskerfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
- **Viðskiptavinur:** Einstaklingur eða lögaðili sem notar eða sækir um að nota almenna sjónvarpsþjónustu.
- **Þjónustuskil:** Þjónustuskil (SOAP API) veitir viðsemjanda aðgang til að fletta upp helstu upplýsingum um línu viðskiptavinar, panta sjónvarpsþjónustu og fleira.
- **ISAM svæði:** Svæði með fulla sjónvarpsþjónustu.
- **ASAM svæði:** Svæði með takmarkaða sjónvarpsþjónustu.

2 Þjónusta sem fólgin er í samningnum

2.1 Þjónusta samningsins

Þjónusta Símans heildsölu sem fólgin er í samningnum er lýst í tækniskilmálum í Viðauka 2 og þjónustustig í Viðauka 3.

2.2 Ábyrgð á þjónustu til viðskiptavina/þjónustugæði/þjónustustig

Viðsemjandi ber ábyrgð á þjónustu gagnvart eigin viðskiptavinum, m.a. hvað varðar bilanagreiningu og aðra þjónustu vegna endabúnaðar þeirra. Í þjónustu felst m.a. að viðskiptavinir séu upplýstir um aðgengi að viðkomandi fyrirtæki. Viðsemjandi innheimtir hjá eigin viðskiptavinum og stendur skil á greiðslum fyrir heildsölupjónustu til Símans.

Eftirtaldir þættir falla m.a. undir ábyrgð viðsemjanda

- Sölu- og markaðsstarfsemi, auglýsingar og markaðsefni.
- Reiknings sambandi við viðskiptavini og fjármögnun viðskiptakrafna.
- Afskrift viðskiptakrafna.
- Fyrsta stigs þjónustu (öll samskipti við áskrifendur s.s. þjónustuver, bilanagreining o.fl.).
- Upplýsingakerfi og samtenging þeirra.
- Allur annar kostnaður viðsemjanda.

2.3 Tilkynningar vegna bilana

Síminn heildsala tilkynnir um kerfisbilanir í eigin neti. Aðilar skulu ekki vísa til bilana í kerfi gagnaðila sem ástæðu fyrir rofi eða truflunum í eigin neti.

2.4 Misnotkun

Aðilar leitist við að koma í veg fyrir misnotkun í fjarskiptanetum. Skulu þeir strax upplýsa gagnaðila verði þeir varir við óeðlilega notkun eða umferð, sem bendir til misnotkunar á fjarskiptanetum.

2.5 Áætlanir

Viðsemjandi skal leggja fram áætlanir, um áætlaðan fjölda sjónvarpsáskrifta sem nær yfir allt næsta almanaksár (12 mánuði) í októbermánuði ár hvert. Áætlanir skulu endurskoðaðar eins og þörf er á. Ef áætlanir eru ekki uppfærðar er gert ráð fyrir óbreyttu ástandi. Ef endurskoðun á áætlunum fela í sér breytingu á áætlunum næstu 3 mánuði er Símanum heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði beinan áfallinn kostnaðarauka.

2.6 Viðurlög og frávik frá áætlunum

Ef frávik frá áætlunum á fjölda myndlykla er meira en 15% getur Síminn heildsala ekki ábyrgt að mæta óskum viðsemjanda.

Ef fjöldi myndlykla fer 30% undir áætlun er Símanum heildsölu heimilt að krefjast þess að viðsemjandi greiði áfallinn kostnað vegna umsýslu, lagerhalds og fjármagnskostnaðar.

Ef gerðar eru breytingar án þess að fyrirvari sé virtur, er Símanum ekki skylt að bregðast við þeim ef ætla má að hægt hefði verið að tilkynna breytingarnar með fyrirvara.

2.7 Tæknilegir skilmálar og hæfi

Fjarskiptabúnaður sem tengist kerfi Símans heildsölu, skal vera með viðurkenningu um að hann uppfylli almenna staðla um fjarskiptabúnað. Tækniskilmálar sem búnaður þarf að uppfylla er samkvæmt viðauka 2.

Viðsemjandi tryggir að þeir sem eigi að sjá um viðhald og rekstur búnaðar hafi til að bera nauðsynlega tæknilega færni og uppfylli almennar öryggiskröfur.

Nú uppfyllir viðsemjandi ekki skilyrði skv. 1.-2. mgr. og getur Síminn heildsala þá hafnað tengingu við búnað viðsemjanda að öllu leyti eða að hluta.

2.8 Takmörkun sjónvarpsþjónustu

Símanum heildsölu er heimilt að takmarka sjónvarpsþjónustu ef slíkt reynist nauðsynlegt vegna uppfærslu kerfa, öryggis fjarskipta eða rekstraröryggis kerfa Símans heildsölu. Tilkynna skal um slíka takmörkun fyrirfram ef því verður komið við.

3 Verðlagning

3.1 Verðmyndun

Sjónvarpsþjónusta er verðlögð samkvæmt Viðauka 1. Gjaldfært er fyrir myndlykil, árgjald og þjónustu.

3.2 Verð og breytingar á verðskrá

3.2.1 Verðskrá

Verð fyrir sjónvarpsþjónustu og aðra þjónustu eru tilgreind í Viðauka 1.

3.2.2 Gjaldmiðill

Verð eru tilgreind í íslenskum krónum án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur skal lagður á reikningsfjárhæðina samkvæmt þeim reglum sem gilda á hverjum tíma um virðisaukaskatt.

3.2.3 Verðbreytingar

Síminn heildsala getur gert verðbreytingar á sjónvarpsþjónustu og annarri þjónustu skv. samningnum til hækkunar eða lækkunar með a.m.k. 60 daga skriflegum fyrirvara, staðfestur tölvupóstur gildir. Undir slíkar breytingar flokkast þó eingöngu breytingar á umsömdum gjaldaliðum sem verið hafa í gildi og eru tilgreindir í verðskrá Símans heildsölu. Um nýja gjaldaliði eða aðrar efnisbreytingar skal fara skv. ákvæðum í gr. 1.4

3.3 Verðlagning til viðskiptavina

Viðsemjandi ber ábyrgð á verðlagningu til eigin viðskiptavina.

4 Uppgjör milli aðila, útskrift reikninga og greiðslur

4.1 Grundvöllur uppgjors

4.1.1 Uppgjörstímabil

Uppgjörstímabil fyrir þjónustu skv. samningi þessum milli viðsemjanda og Símans heildsölu, miðast við almanaksmánuð.

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

4.1.2 *Gjaldfærsla þjónustu*

Gjaldfært er mánaðarlega fyrir leigu á myndlyklum og þjónustu en árgjald er gjaldfært einu sinni á ári.

4.2 Uppgjör milli aðila - útskrift reikninga og greiðslur

4.2.1 *Starfsreglur fyrir útskrift reikninga vegna sjónvarpsþjónustu*

Reikningaútskrift fyrir sjónvarpsþjónustu skal byggð á gögnum um fjölda myndlykla í umsjá viðsemjanda. Allir myndlyklar sem viðsemjandi hefur fengið afhenta eða voru skráðir hjá viðskiptavinum á þeim tíma sem þeir færðu viðskipti sín til viðsemjanda teljast í umsjón hans þar til þeir hefur verið skilað til Símans heildsölu eða verið afskrifaðir gegn greiðslu.

4.2.2 *Gjaldfrestur*

Reikningstímabil miðast við almanaksmánuð og er útgáfudagur reikninga í lok þess mánaðar.

Gjalddagi reikninga er 20 dögum eftir lok reikningstímabils og eindagi að jafnaði 2. dag næsta mánaðar þar á eftir. Sé reikningur ekki greiddur á eindaga skal greiða dráttarvexti, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá og með gjalddaga til greiðsludags.

4.2.3 *Greiðsluábyrgð*

Síminn heildsala áskilur sér rétt til að krefjast þess að viðsemjandi láti í té greiðsluábyrgð sem samræmist fjárhæð sem nemur áætluðum mánaðargjöldum fyrir sjónvarpsþjónustu viðsemjanda þrjá mánuði fram í tímann. Ef ljóst er að raunnotkun verði meiri en áætluð notkun getur Síminn heildsala óskað eftir hækkun á greiðsluábyrgð til samræmis við þá notkun.

5 Vanefndir

Telji samningsaðili að gagnaðili hafi vanefnt samninginn ber honum að tilkynna það skriflega strax eftir að honum varð eða mátti verða kunnugt um vanefndirnar.

5.1 Vanefndarúrræði

5.1.1 *Riftun vegna verulegrar vanefndar*

Hvorum aðila um sig er heimilt að rifta samningnum þegar í stað:

a) ef verulega skortir á að gagnaðili standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum, tæknilega eða viðskiptalega eins og þær koma fram í samningnum;

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

- b) ef gagnaðili óskar eftir eða fær heimild til greiðslustöðvunar, leitar eftir eða fær heimild til nauðasamningsumleitana, eða farið er fram á gjaldprotaskipti á búi hans; eða
- c) ef gagnaðili hefur ekki getað staðið við skuldbindingar sínar í meira en 2 mánuði, þó slíkt megi rekja til óviðráðanlegra atvika.
- d) ef gagnaðili hefur ekki bætt úr vanefnd innan 14 daga frests sem honum hefur verið veittur í því skyni.

þeim sem riftunarheimild beitir er heimilt að takmarka riftunina við hluta af samningnum.

Þrátt fyrir lið c) hér að framan þá teljast vanskil alltaf veruleg vanefnd ef þau hafa staðið í meira en 1 mánuði frá gjalddaga.

5.1.2 *Skaðabætur*

Bótaskylda aðila takmarkast við beint tjón sem gagnaðili hefur orðið fyrir og sem gera má ráð fyrir að sé bein afleiðing af vanefndum, enda megi rekja vanefnd til ásetnings eða stórkostlegrar vanrækslu.

Bótaábyrgð nær ekki til óbeins tjóns gagnaðila, þ.m.t. rekstartaps, eða tjóns sökum þess að ekki hefur tekist að uppfylla samninga við þriðja aðila að hluta til eða að öllu leyti.

5.1.3 *Dráttarvextir*

Ef dráttur verður á greiðslu aðila samkvæmt samningnum skulu reiknast hæstu leyfilegir dráttarvextir, lögum samkvæmt, frá gjalddaga til greiðsludags.

5.1.4 *Vanefndir sem teljast verulegar ef ekki eru gerðar úrbætur þrátt fyrir áskorun samningsaðila.*

Viðsemjandi, sem hefur ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum, og ekki er um að ræða vanefndir sem um getur í 5.1.1. gr., hefur rétt til að bæta þar úr innan frests, sem honum er settur af hálfu Símans heildsölu í því skyni að viðlagðri riftun. Honum ber þá að grípa til slíkra úrræða strax og honum hefur borist tilkynning um vanefndirnar eða honum má vera það ljóst með öðrum hætti. Bæti viðsemjandi ekki úr tilgreindum vanefndum innan hins veitta frests telst vanefndin veruleg og er Símanum þá heimilt að rifta samningnum í heild eða að hluta.

5.1.5 *Úrræði til verndar endanotendum vegna riftunar*

Komi til þess að Síminn heildsala rifti samningi þessum vegna vanefnda viðsemjanda ber viðsemjandi ábyrgð á því að upplýsa sína viðskiptavini um hvaða áhrif það hefur fyrir þjónustu þeirra, sem og ástæðu þess.

6 Takmörkun ábyrgðar

Síminn heildsala ber ekki ábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofs á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í stöðvum eða annarra ástæðna.

Ef breytingar eru nauðsynlegar vegna framþróunar búnaðar eða staðla ber hvor aðili sinn kostnað, þ.m.t. uppfærslur á eigin beinum.

7 Óviðráðanleg atvik

Ef aðili getur ekki uppfyllt skyldur sínar samkvæmt samningnum vegna óviðráðanlegra atvika falla skuldbindingar hans niður á meðan slíkt ástand varir.

Aðila, sem hyggst nýta sér þetta ákvæði, ber tafarlaust að tilkynna gagnaðilanum um orsök slíkra vandkvæða, svo og hvaða áhrif slík vandkvæði kunna að hafa og hve lengi má búast við að þau vari.

8 Upplýsingaskylda og hugverkaréttarákvæði

8.1 Upplýsingarskylda

Hvorum aðila ber að veita gagnaðila aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um tæknileg atriði sem nauðsynleg eru við framkvæmd samningsins.

8.2 Höfundarréttarákvæði

8.2.1 Almenn ákvæði

Samningur þessi hefur ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfundarrétti frá einum samningsaðila til annars, nema þar sem ákvæði samnings þessa kveða sérstaklega á um það.

8.2.2 Sérstakt ákvæði

Ef aðilar hafa í tengslum við framkvæmd samningsins gert sérstakt samkomulag um endurbætur eða frekari þróun tæknilegra lausna eða annars, þar sem annar aðilinn á hugbúnað og réttindi tengd hugbúnaði, skal hin endurbætta eða þróaða lausn verða hluti af hugbúnaðarréttindum þess aðila.

8.3 Vörumerkjaréttarákvæði

Viðsemjandi skal eingöngu nota skráð og óskráð vörumerki Símans með skriflegu leyfi Símans og hafi leyfi Símans verið veitt skal tilgreina að um vörumerki Símans sé að ræða sem er notað með heimild Símans og í samræmi við kröfu Símans um notkun vörumerkja

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

félagsins. Ekkert í samningi þessum skal túlkað sem framsal eða óafturkræfan notkunarrétt á vörumerki í eigu Símans

9 Þagnarskylda

Samningsaðilar skuldbinda sig til að ljóstra ekki upp trúnaðarupplýsingum sem þeir hafa mótttekið frá gagnaðila, þ.m.t. upplýsingum um stjórnunarlegar, fjárhagslegar eða tæknilegar aðstæður gagnaðila, aðrar aðstæður varðandi rekstur, viðskipti eða atriði sem ætla má að teljist trúnaðarupplýsingar, sem halda ber leyndum.

Upplýsingar, sem eru eða ætla má að verði á allra vitorði eða öllum aðgengilegar, teljast ekki trúnaðarupplýsingar, nema slíkt stafi af broti á þessu ákvæði.

Upplýsingar skal aðeins nota í þeim tilgangi sem þær voru fengnar og að því marki sem nauðsynlegt er við framkvæmd samningsins.

Þagnarskyldan kemur ekki í veg fyrir að aðilar veiti ákærvaldi eða öðrum yfirvöldum upplýsingar ef slíkt er skylt lögum samkvæmt.

Þagnarskylda skal gilda í fimm ár eftir að gildistíma samningsins lýkur.

10 Greiðslutrygging

Símanum er heimilt að krefjast fullnægjandi trygginga vegna nauðsynlegra fjárfestinga í því skyni að koma til móts við óskir viðsemjanda um sjónvarpsþjónustu.

11 Framsal réttinda og skyldna til þriðja aðila

Viðsemjanda er óheimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum án skriflegs samþykkis Símans heildsölu.

Þó er viðsemjanda heimilt að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningnum til annarra fyrirtækja í fyrirtækjasamsteypu sem þeir eiga að öllu leyti, svo fremi að viðeigandi leyfi séu framseld til viðtakandi fyrirtækis sem lýsi því yfir skriflega til Símans heildsölu að það taki á sig allar skyldur framseljanda samkvæmt samningnum.

12 Breytingar á samningnum

Hvor samningsaðili hefur rétt til að krefjast endurskoðunar á samningnum ef forsendur hafa breyst verulega eða lögum hefur verið breytt með þeim hætti að samningurinn uppfylli ekki þær kröfur sem mælt er fyrir um í lögum.

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

13 Fulltrúar aðila

Hvor aðili skal tilkynna skriflega hver sé fulltrúi hans vegna samnings þessa. Ef aðili óskar eftir að tilnefna nýjan fulltrúa skal hann tilkynna gagnaðila það skriflega.

Allar orðsendingar viðvirkjandi framkvæmd samningsins skulu sendar tilgreindum fulltrúa gagnaðila, nema annars sé getið í samningnum eða viðaukum.

Aðilar hafa tilnefnt eftirtalda menn sem fulltrúa sína:

Síminn heildsala : xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx

Fjarskiptafyrirtæki hf. (viðsemjandi) : xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx

14 Lögsaga og lausn ágreiningsmála

Samningurinn skal lúta íslenskum lögum.

Mál út af samningi þessum skal reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjavík, xx.xx.xxxx

F.h. Símans hf.

[Fjarskiptafyrirtæki hf.].

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift:

_____ kt. _____

_____ kt. _____

Viðauki 1

Verðskrá fyrir sjónvarpsþjónustu Símans heildsölu

1 Sjónvarpsþjónusta í heildsölu

1.1 Virðisaukaskattur

Öll verð í samningi þessum eru birt án virðisaukaskatts.

1.2 Heildsöluverðskrá

Í heildsölusjónvarpi yfir aðgangskerfi þriðja aðila, á aðgangsneti Mílu, felst að Síminn heildsala afhendir sjónvarpsmerki í skilgreindum skilpunkti og viðsemjandi getur áframsent það yfir eigið aðgangskerfi, á aðgangsneti Mílu, og notað myndlykla Símans heildsölu til að þjóna viðskiptavinum sínum.

Fyrir sjónvarpsþjónustu greiðir viðsemjandi mánaðagjald fyrir hvern myndlykil, hvern skilpunkt, umbeðna þjónustu og árgjald.

Áskriftir (t.d. hjá SkjáEinum og 365) greiða viðskiptavinir beint til efnisveitenda.

Myndlyklagjald

Gjald er greitt af öllum myndlyklum sem afhentir hafa verið viðsemjanda samkvæmt skilgreiningu í grein 4.2.1. Við virka skráningu myndlykils opnast á grunnáskrift sem innifelur aðgang að íslenskum opnum rásum eins og svæðisbundið framboð þeirra er á sjónvarpskerfi Símans heildsölu og VOD þjónustu, þar sem hún er í boði. Ef myndlykill skemmist eða sá búnaður sem honum fylgir skal viðsemjandi greiða samkvæmt verðskrá fyrir búnað.

1.3 Verðskrá

1.3.1 Mánaðagjöld

Myndlykill með öllum búnaði (sjá viðauka 2, gr. 3.1) kr. 625. Uppgjör miðast við fjölda myndlykla í lok hvers mánaðar.

1.3.2 Verð á búnaði

Myndlykill kr. 19.000

Spennir kr. 750

Fjarstýring kr. 2.100

SCART og HDMI snúrur kr. 500

Ethernet snúra kr. 250

Yfirferð og endurpökkun á skilalykli er kr. 2.200.

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

1.3.3 Árgjald

Viðsemjandi skal greiða eftirá að hámarki kr. 9.900.000 óafturkræft, sem árlegt gjald fyrir aðgang að sjónvarpskerfi Símans heildsölu.

Veittur er afsláttur í hlutfalli við fjölda leigðra myndlykla hjá viðsemjanda.

Fjöldi leigðra myndlykla (lágmark)	Afsláttur af árgjaldi (%)
Allt að 1500	0%
1.500	15%
3.000	30%
4.000	45%
6.000	60%
7.500	75%

Skv. ofangreindu er árgjald þó aldrei lægra en 2.475.000 kr.

Umrætt gjald greiðist í janúar ár hvert fyrir næstliðið ár og deilist þá hlutfallslega niður á hvern mánuð ársins. Útreikningur á árgjaldi tekur mið af fjölda myndlykla í lok hvers mánaðar.

Dæmi: Ef myndlyklum fjölgar upp fyrir 1500 í maí en verða undir 3000 í árslok reiknast árgjald án afsláttar fyrstu 4 mánuði ársins en með 15% afslætti næstu 8 mánuði eða $9.900.000 \times 4 / 12 + 8.415.000 \times 8 / 12 = 8.910.000$

Ef umræddum lágmarksfjölda er ekki náð er enginn afsláttur veittur.

2 Aðrir gjaldaliðir

2.1 Búnaðarkaup

Viðsemjandi sér alfarið um kaup og uppsetningu á beini.

Síminn heildsala leggur viðsemjanda til myndlykla, sjá tækniskilmála í viðauka 2.

Myndlyklar eru eign Símans heildsölu.

2.2 Skilpunktur

Viðsemjandi ber kostnað af uppsetningu og rekstri skilpunkts eins og lýst er í Viðauka 2

Viðauki 2

Tækniskilmálar

1 Inngangur

Hér verður lýst notendabúnaði sem viðskiptavinur þarf að hafa til að geta fengið sjónvarpsþjónustu yfir eigið aðgangskerfi hjá Símanum og þjónustuskilum milli kerfa Símans heildsölu og viðsemjanda. Síminn heildsala gerir þá kröfu að beinar og myndlyklar séu ákveðinnar gerðar til að tryggja samhæfi og virkni þjónustunnar frá miðlægu kerfi sjónvarpsþjónustunnar að myndlykli viðskiptavinar.

2 Aðgangur

Síminn heildsala ábyrgist virkni þjónustu að skilpunkti þar sem þjónustan er afhent viðsemjanda.

Skilpunkturinn samanstendur af búnaði til að geta afhent þjónustuna viðsemjanda, ásamt því að geta athugað virkni hennar. Til þess þarf netskipti (Ethernet switch), myndlykil, sjónvarpsviðtæki og búnað til fjarstýringar á myndlykli og sendingar á sjónvarpsmerki til að koma því til höfuðstöðvar sjónvarpsþjónustunnar, ásamt því gagnasambandi sem nauðsynlegt er.

Viðsemjandi ber kostnað af uppsetningu og rekstri þessa skilpunkts. Áætlaður stofnkostnaður er um kr. 1.100.000 og áætlaður rekstrarkostnaður er um kr. 100.000 á mánuði. Athuga ber að um er að ræða áætluð verð sem að taka þurfi mið af aðstæðum hverju sinni.

Viðsemjandi ber einnig kostnað af endurnýjun búnaðar eftir þörfum.

Annar kostnaður er skv. Viðauka 1.

3 Notendabúnaður og tengingar

3.1 Myndlyklar

Fimm gerðir myndlykla eru notaðar fyrir Sjónvarp Símans heildsölu.

- Sagem IAD 81HD
- Sagem IAD 60
- Sagem EI90 HD
- Air7120 HD
- Air7200I HD

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

Allir myndlyklar eru háskerpulyklar nema Sagem IAD 60 sem enn er í notkun en er ekki lengur afgreiddur til nýrra viðskiptavina. Með myndlyklunum fylgir spennubreytir, fjarstýring og SCART eða HDMI snúra. Allir myndlyklar bera auðkenni Símans og ber viðsemjandi ábyrgð á að merkja hann sínu fyrirtæki með límmiða (sjá viðauka 3, gr. 3.2 þjónusta).

3.2 Tenging

Tengja þarf ethernet-tengi myndlykilsins við ethernet-tengi á beininum. Ethernet tengið í beininum þarf að vera skilgreint fyrir sjónvarpsþjónustu. Myndlykillinn er tengdur við sjónvarp með SCART eða HDMI kapli. Raðnúmer myndlykils er notað fyrir auðkenningu viðskiptavinar og aflæsingu á læstu sjónvarpsmerki.

3.3 Skil á myndlyklum

Gjaldfært er fyrir alla myndlykla sem afhentir hafa verið til viðsemjanda, sbr. viðauka 1. Viðsemjandi sér sjálfur um endurpökkun og endurúthlutun á innskiluðum myndlyklum. Síminn heildsala skiptir út biluðum myndlyklum án sérstaks gjalds. Þegar myndlyklum er skilað til Símans heildsölu greiðir viðsemjandi fyrir yfirferð og endurpökkun á þeim. Tengisúrur, spennar og fjarstýring skulu fylgja með skilalyklum að öðrum kosti skal greitt fyrir það sem vantar samkvæmt verðskrá.

Afhending og skil á myndlyklum fer fram við lager Símans heildsölu að Jörfa við Stórhöfða í Reykjavík eða öðrum þeim stað innan höfuðborgarsvæðisins sem Síminn heildsala tilgreinir. Búnaður er afhentur tvisvar í viku. Pöntun þarf að berast að lágmarki einum virkum degi fyrir afhendingu.

3.4 Sjónvarpskerfið

Sjónvarpsþjónustan hjá Símanum er rekin yfir lokað net Símans heildsölu frá miðlægu sjónvarpskerfi Símans heildsölu að skilpunkti hjá viðsemjanda. Yfir þetta lokaða net er sent sjónvarpsefni, stýringar og viðmót fyrir myndlykla. Viðmótið markar þá virkni, þjónustu og það útlit sem viðskiptavinur fær.

3.5 Sjónvarpsviðmót

Sjónvarpsviðmótið notar vörumerkið Sjónvarp Símans.

4 Fyrirvari um sjónvarpsþjónustu

Gerður er almennur fyrirvari um gæði á sjónvarpsþjónustu. Gæði og virkni þjónustunnar er háð m.a. eiginleikum heimtaugar, vegalengd til símsstöðvar, gerð búnaðar í símsstöð og ástandi innanhúslagna hjá notanda.

5 Ábyrgð viðsemjanda og viðurlög

Viðsemjandi skuldbindur sig til að nota einungis búnað sem Síminn heildsala hefur staðfest að virki með sjónvarpsþjónustu Símans heildsölu. Viðsemjandi skal sjá um nauðsynlegar uppfærslur á beinum viðskiptavina sinna til að tryggja virkni þeirra með sjónvarpi Símans heildsölu. Síminn heildsala getur ekki ábyrgst að aðrir beinar en tilgreindir eru hér að ofan virki með sjónvarpsþjónustu eftir uppfærslur.

Viðauki 3

Þjónustustig Símans heildsölu

1 Inngangur

Viðsemjandi sér um afhendingu á búnaði og alla 1. stigs þjónustu. Hér verður lýst þjónustustigi Símans heildsölu við viðsemjanda vegna sjónvarpsþjónustu.

2 Heildsölusjónvarp

Í sjónvarpsmerki heildsölusjónvarps Símans fylgja eftirtaldar þjónustur:

- Notendaviðmót merkt Símanum
- Línuleg dreifing læstra og ólæstra rása
- Rafrænn dagskrárvisir (EPG) fylgir flestum sjónvarpsrásum
- Aðgangur að VoD þjónustu á ISAM svæðum
- Aðgangur að tímahliðrun einstakra rása á ISAM svæðum

3 Afhending á þjónustu

Forsenda fyrir afhendingu á sjónvarpsþjónustu er að viðsemjandi standi straum af uppsetningu skilpunkts eins og hann er skilgreindur í viðauka 2.

Ef aðgangskerfi viðsemjanda er rétt uppsett fyrir sjónvarpsflutning mun viðsemjandi geta virkjað sjónvarpsþjónustu hjá viðskiptavinavinum sínum. Það gerir hann um skilgreind þjónustuskil (SOAP API) sem hann fær aðgang að. (Sjá nánar í grein 3)

Síminn heildsala afhendir einungis skilpunkt þjónustunnar á þeim símsstöðvum þar sem Sjónvarp Símans er til staðar á hverjum tíma og miðast við það þjónustuframboð sem er á þeirri símsstöð. Viðsemjandi ber kostnað og ábyrgð á þjónustunni frá þeim punkti til sinna viðskiptavina.

4 Þjónustuskil (SOAP API)

Aðgangur að þjónustuskilum (SOAP API) veitir viðsemjanda möguleika á að stýra myndlyklum, skrá þá á áskrifendur og opna og loka á sjónvarpsþjónustu. Vinna á móti viðsemjanda við uppsetningu og prófanir á þjónustuskilum tekur um 6 mánuði frá undirritun samnings. Stórhátíðir og sumarfrí geta lengt þetta tímabil.

4.1 Pantanir og skráning

Helstu aðgerðir sem eru framkvæmdar hjá Símanum við pantanir og skráningu nýrra áskrifenda:

- Panta sjónvarp með grunnáskrift
 - Kerfisskráning myndlykils og úthlutun réttinda
 - Viðsemjandi sér um afhendingu og uppsetningu.
- Afskráning myndlykils
- Viðsemjandi getur skoðað stöðu beiðna sem búið er að skrá

Þar sem Síminn heildsala getur ekki skoðað línu hjá viðskiptavini er ekki hægt að beita neinni þjónustustýringu sem tekur mið af línuhæfi. Engar upplýsingar eru fáanlegar um hvort línan getur borið venjulegt sjónvarp, hve margar samtímarásir né hvort línan geti mögulega borið háskerpusjónvarp. Því er virkni myndlykla gagnvart mismunandi þjónustu alfarið á ábyrgð viðsemjanda.

4.2 Þjónusta

Síminn heildsala ábyrgist virkni þjónustu að skilpunkti þar sem þjónustan er afhent viðsemjanda, án þess þó að bera nokkra skaðabótaskyldu gagnvart viðsemjanda vegna mögulegs rekstarvanda. Þetta á jafnt við útföll vegna stærri bilana, eða bilana sem einungs hafa áhrif á viðkomandi viðsemjanda.

Síminn heildsala mun geta athugað virkni þjónustunnar við þennan skilpunkt, og mun ekkert aðhafast ef að þjónustan er virk þar. Rekstur þjónustunnar handan við skilpunkt er á ábyrgð viðsemjanda. Ef tæknilegrar aðstoðar er óskað umfram þetta, verður hún veitt skv. gjaldskrá hverju sinni.

Síminn heildsala veitir þjónustuna án ábyrgðar um virkni þjónustunnar yfir aðgangskerfi viðsemjanda. Gert er ráð fyrir að frampróun á heildsölusjónvarpi verði aðgengileg viðsemjanda, gegn gjaldi og háð efnisréttarmálum. Viðsemjandi getur þróað sjálfstæða þjónustu til aðgreiningar frá samkeppnisaðilum í samráði við heildsölu Símans gegn greiðslu á þróunarkostnaði. Þetta inniber að sérþjónustur sem viðsemjendur þróa eru ekki aðgengilegar samkeppnisaðilum. Í slíkum aðstæðum er æskilegt að aðilar komi sér saman um skilmörk eignarréttar vegna nýrra lausna, þ.m.t. vegna hugverkaréttar. Almennt skal miða við að framlag heildsölu Símans skuli vera eign heildsölu Símans og framlag viðsemjanda skuli vera eign viðsemjanda.

Virkjun eða afvirkjun þjónustu, eða þá greining á rekstarmálum viðkomandi aðgangskerfis er alfarið á ábyrgð viðsemjanda.

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

Viðsemjandi skal uppfylla þau skilyrði sem eigendur efnisréttar setja um dreifingu á efni í Sjónvarpi Símans hverju sinni. Þessi skylda ber með sér að viðsemjandi þarf að tryggja eftirfylgni mála þar sem ætla má að efnisréttarbrot eiga sér stað. Núverandi skilyrði má sjá í viðauka 4.

Viðsemjandi mun annast 1. stigs þjónustu við viðskiptavinum sína. Viðsemjandi ber ábyrgð á því að endurmerkja alla myndlykla viðskiptavina sinna með vel læsilegum og áberandi límmiða þar sem fram kemur auðkenni viðsemjanda og símanúmer þjónustuvers hans. Ef viðskiptavinur viðsemjanda hefur samband við þjónustuver Símans, ber þjónustuverinu að vísa honum á þjónustuver viðsemjanda.

Síminn heildsala tekur ekki að sér milligöngu um greiðslu eigenda efnisréttar fyrir notkun á kerfum viðsemjanda.

Gera verður ráð fyrir að þarfagreining, hönnunarferli, afgreiðsla búnaðar, uppsetning skilpunktar, samræming og uppsetning þjónustuskila, prófanir og kerfisleiðréttingar sem nauðsynlegar eru til afhendingar á sjónvarpsþjónustu yfir nýtt aðgangskerfi muni taka um 12 mánuði eftir undirskrift samnings.

Gjaldtaka fyrir þjónustuna er skv. viðauka 1 og er miðuð við kostnaðargreind verð.

5 Búnaður

Skilpunkturinn er skilgreindur í viðauka 2. Viðsemjandi ber kostnað af uppsetningu og rekstri þessa skilpunkts.

Viðsemjandi afhendir sjálfur sínum viðskiptavinum nauðsynlegan endabúnað svo sem myndlykil. Myndlykla mun viðsemjandi fá afhenta frá Símanum, sjá tækniskilamála í viðauka 2.

Myndlyklar sem eru í vörslu áskrifenda sem flytjast á milli fyrirtækja verða færðir samtímis, eða svo fljótt sem kostur er, á viðskiptareikning viðsemjanda þannig að búnaður teljist með við uppgjör næstu mánaðamót þar á eftir.

6 Bilanir

Síminn heildsala tekur ekki við bilanatilkyningum né öðrum þjónustubeiðnum frá viðskiptavinum viðsemjanda, enda er sú þjónusta alfarið á ábyrgð viðsemjanda.

Ef bilun verður á sjónvarpsþjónustu, skal viðsemjandi senda beiðni á á þjónustuvef heildsölu Símans.

<http://thjonustuvefur.siminn.is/heildsala/>

Bilanatilkyningar eru í 90% tilvika afgreiddar og lagfærðar næsta virka dag.

SAMNINGUR UM DREIFINGU SJÓNVARPS SÍMANS
YFIR AÐGANGSKERFI ÞRIÐJA AÐILA Á AÐGANGSNETI MÍLU

7 Tilkynningar

Síminn heildsala sendir tilkynningar til viðsemjanda um kerfisbilanir.

Viðauki 4

Efnisréttarlegar skyldur

Viðsemjandi þarf að sýna fram á að hafa leyfi frá efnisréttaraðilum, til þess að dreifa þeirra efni um sitt aðgangskerfi.

Viðsemjandi verður að uppfylla þau skilyrði sem sett er á dreifingu Sjónvarps Símans af efnisréttarlegum ástæðum hverju sinni. Þessi skylda ber með sér að viðsemjandi þarf að tryggja eftirfylgni mála þar sem ætla má að efnisréttarbrot eiga sér stað. Núverandi skilyrði eru:

Staðsetning myndlykla skal vera rekjanleg út frá línunúmeri eða portnúmeri aðgangskerfis (sbr. DSLAM (Digital Subscriber Line Access Multiplexer) eða OLT (Optical Line Termination)). Tæknileg útfærsla á afhendingu þessara upplýsinga er skv. staðlinum Option 82 í DHCP (Dynamic Host Configuration Protocol) (IETF staðall (Internet Engineering Task Force)). Nánar tiltekið, þá ber viðsemjandi ábyrgð á því að aðgangskerfi setji Option 82 upplýsingar inn í DHCP fyrirspurnir sem sendar eru frá myndlyklum, til höfuðstöðvar sjónvarpsþjónustunnar.

Viðsemjandi ber ábyrgð á því að tryggja að sjónvarpsþjónustan er aðskilin frá almennri gagnaflutningsþjónustu s.s. Internets og tal yfir IP (VoIP (Voice over Internet Protocol)). Fullnægjandi aðskilnaður er t.d. aðgreining með VLAN (Virtual Local Area Network) í netkerfum, og sérstakt tengi fyrir sjónvarpsþjónustu á beini hjá viðskiptavini.

Síminn heildsala áskilur sér rétt til að gera úttekt á tækni- og rekstarlegri útfærslu viðsemjanda, til að tryggja að efnisréttarlegum skilyrðum sé fullnægt hverju sinni.

Ef að viðsemjandi brýtur efnisréttarlegur skyldur sínar gagnvart efnisréttarhöfum, er Símanum heimilt að loka fyrirvaralaust fyrir sjónvarpsdreifingu til viðkomandi viðsemjanda skv. kröfu efnisréttarhafa.